

**Nd.** **187. Frumvarp til laga** [88. mál]  
um Bjargráðasjóð Íslands.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

1. gr.

Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélag verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að þau megna ekki af eigin rammleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Sjóðurinn skal heita Bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 2 krónur fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr ríkissjóði, er nemi 2 krónum fyrir hvern mann.

4. gr.

Í stjórn bjargráðasjóðs eru: Skrifstofustjórinn í félagsmálaráðuneytinu, sem er formaður stjórnarinnar, formaður Búnaðarfélags Íslands og forseti Fiskifélags Íslands.

Fé bjargráðasjóðsins skal geymt og ávaxtað í Landsbankanum eða Búnaðarbankanum, og skal það vera tiltækt hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því að afstýra hallæri.

Ráðherra setur að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar reglugerð um rekstur sjóðsins og starfrækslu, reglur um lánveitingar, vörzlu innstæðufjár, vaxtakjör og annað, er máli þykir skipta um stjórn hans og starfsemi.

6. gr.

Reikningar bjargráðasjóðsins skulu endurskoðaðir samkvæmt lögum nr. 61 1931, um ríkisbókhald og endurskoðun, og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn (í Reykjavík tollstjóri) innheimta gjaldið og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar eigi síðar en 1. október ár hvert.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr ríkissjóði í bjargráðasjóðinn samkv. 3. gr., að vöxtum meðtöldum, svo og helmingur þess fjár, sem sjóðurinn fær samkvæmt 2. gr. laga þessara, skal vera sameign allra landsmanna. Hins vegar skal helmingur þess fjár, sem í sjóðinn rennur samkv. 2. gr., vera séreign hverrar sýslu og kaupstaðar, og leggjast vextir af því fé við séreignina.

Allur kostnaður af starfrækslu sjóðsins greiðist úr sameignarsjóðnum.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árábil, þó ekki meira en um helming hins upprunalega gjalds.

11. gr.

Nú verður hallæri í sveitarfélagi af óvenjulegum harðindum eða langvarandi aflaleysi, eða tjón verður þar af náttúruvöldum á mannvirkjum eða búfé, enda hafi það, sem skemmdist eða ónýttist, verið óvátryggt fyrir tjóni þessu, og getur þá stjórn bjargráðasjóðs veitt styrk eða lán úr bjargráðasjóði samkvæmt lögum þessum, til að draga úr áhrifum hallærisins eða bæta tjónið að einhverju leyti.

12. gr.

Nú hefur slíkt ástand skapast sem í 11. gr. segir, og er þá bjargráðastjórn heimilt að veita hjálp með þeim hætti, er hér segir:

1. beinum styrk úr bjargráðasjóði,
2. lánveitingum til sýslu- eða sveitarfélaga,
3. lánveitingum til einstaklinga, sem fyrir tjóni hafa orðið, gegn veði í fasteign eða ábyrgð sýslu- eða sveitarfélags.

Hverjum þeim, sem láns beiðist eða styrks úr bjargráðasjóði, ber að senda sjóðsstjórninni svo glöggar skýrslur sem kostur er á um tjón það, sem bæta skal.

Nú þykir bjargráðastjórn á skorta um, að gögn þau séu fullnægjandi, sem horizt hafa, og getur hún þá krafizt fyllri gagna frá þeim aðilum, er henni þykir henta. Nú berast ekki þau skilríki, sem bjargráðastjórn hefur beiðzt, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að synja beiðninni af þeim ástæðum einum.

#### 13. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert sýslu- og bæjarfélag tilkall til séreignar sinnar í sjóðnum til útbýtingar samkvæmt reglum, sem sýslunefnd eða bæjarstjórn hafa samþykkt þar um, enda samþykki ráðherra slíka ráðstöfun, að fengnu álitu bjargráðastjórnar. Skýrslu um úthlutun þessa skal viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn senda stjórn bjargráðasjóðs þegar að úthlutun lokinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargar-skorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má sýslunefnd eða bæjarstjórn með samþykki bjargráðastjórnar nota séreign sína í sjóðnum til að kaupa eða tryggja varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema því verði ráðstafað samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign sýslu eða kaupstaðar til forðatryggingar, og má þá bjargráðastjórn veita héraðinu vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins, gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins eða þeim tryggingum öðrum, sem stjórnin metur gildar.

#### 14. gr.

Nú gengur mikil óáran um land allt eða í stórum landshlutum, svo að fé bjargráðasjóðs hrekkur ekki til nauðsynlegrar hjálpar og sjóðurinn kemst í fjárþröng, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast svo hátt lán sem þurfa þykir fyrir bjargráðasjóðinn, eða veita honum lán úr ríkissjóði, ef fé er þar fyrir hendi, en slíkt bráðabirgðalán ber bjargráðasjóði að endurgreiða af tekjum sínum, enda séu eignir sjóðsins og tekjur að veði fyrir bráðabirgðalánum þessum.

#### 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### 16. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 45/1913, um bjargráðasjóð Íslands, og lög nr. 20/1925, um heimild til að veita lán út Bjargráðasjóði.

#### Greinargerð.

Bjargráðasjóður Íslands var, svo sem kunnugt er, stofnaður með lögum nr. 45 1913, og skyldi hlutverk hans vera eins og segir í 1. gr. laganna: „til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því“.

Lítið hefur lögum þessum verið breytt frá því þau voru sett, en árið 1925 voru sett lög um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði, og eru það eins konar viðbótarlög við bjargráðasjóðslögin.

Þegar bjargráðasjóður Íslands var stofnaður 1913, var honum ætlað allriflegt tillag miðað við þess tíma aðstæður og peningagildi, 50 aurar á íbúa hvern í landinu, og skyldi ríkissjóður greiða helminginn, 25 aura, en sveitarsjóðir hinn helminginn. Mun láta nærri, að slíkt gjald svari til um það bil kr. 2.50 nú frá hvorum þessum aðila. Ekkert hefur tillögum til sjóðsins verið breytt í þau 35 ár, sem hann hefur starfað.

Með lögum nr. 76 23. júní 1932, um bráðabirgðabreytingu nokkurra laga, var meðal annars samþykkt að fresta framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45/1913, um

Bjargráðasjóð Íslands, fyrst til ársloka 1933, en síðan var frestunin jafnan fram-  
lengd til 1942.

Þetta tíu ára tímabil féllu því niður allar greiðslur til sjóðsins, bæði af hálfu  
ríkissjóðs og sveitarfélaga. Þessi ár voru því tekjur sjóðsins ekki aðrar en vaxta-  
tekjur hans.

Árið 1941, fyrsta janúar, voru innlánsvextir í sparissjóðum lækkaðir úr 4% í  
3%, og fyrsta janúar 1942 voru sparissjóðsvextir enn lækkaðir úr 3% í 2%, og stóð  
svo til 1. janúar 1948. Þessar ráðstafanir allar urðu til þess að draga mjög úr vexti  
sjóðsins.

Verður því ekki sagt, að af hálfu hins opinbera hafi mikið verið gert til að efla  
sjóð þennan eða hlynna að honum á annan hátt.

Reglur um útlán úr Bjargráðasjóðnum eru allstrangar samkv. lögum sjóðsins,  
og hefur það orðið til þess, þótt tekjur hans væru frekar rýrar, að nokkurt fé hefur  
safnast, og eru eignir sjóðsins nú í peningum og verðbréfum röskar tvær milljónir  
króna. Það er að vísu ekki mikið fé á þann mælikvarða, sem nú er lagður á fjár-  
munni, en þegar tillit er tekið til þess, að bæði hafa verið felldar niður svo til allar  
tekjur sjóðsins um tíu ára skeið og að hann hefur tapað allmiklu fé bæði vegna  
mæðiveikiráðsafana og þegar sveitarfélög landsins voru gerð upp í Kreppulánasjóði,  
og þegar það enn fremur er athugað, að gleymt hefur að ákveða að greiða tillög  
sjóðsins með verðlagsuppbót, eins og þó hefði mátt ætla til, er ekki hægt að vænta  
þess, að hagur hans sé betri en raun ber vitni.

Á undanförunum veltiárum hefur sama og ekkert verið leitað til Bjargráðasjóðs,  
og hafa því tekjur hans síðustu árin nær allar lagzt fyrir í peningum og verðbréf-  
um. Tekjur sjóðsins árið 1948 voru þessar:

1. Bjargráðasjóðsgjald sveitarfélaganna .....	kr.	34 063.50
2. Tillag úr ríkissjóði .....	—	33 000.00
3. Vaxtatekjur .....	—	68 233.47

Samtals kr. 135 296.97

Á s. l. hausti hafa Bjargráðasjóði borizt lánbeiðnir, er nema samtals 345 þús.  
krónum, og þó er vitað, að nokkur sveitarfélög hafa ekki enn sent lánbeiðnir til  
Bjargráðasjóðsins vegna þess, að nokkrir þingmenn þeirra héraða, sem harðast urðu  
úti í vorharðindunum s. l. vor, hafa borið fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar  
um sérstaka hjálp úr ríkissjóði til þessara héraða. Mjög verður að telja það vafa-  
samt, að vorharðindi þau, sem urðu 1949 og ollu talsverðum erfiðleikum hjá bænd-  
um í ýmsum sveitum austan, norðan og vestan lands, geti talizt þess eðlis, að þau  
falli undir verksvið Bjargráðasjóðs, eins og starfsreglum hans er nú háttað. Eius  
og lögum hans og starfsháttum er nú fyrir komið, eru þess engin tók að veita lán eða  
styrk til þess að greiða fram úr þessum erfiðleikum, nema sveitarfélög þau eða  
sýslufélög, sem í hlut eiga, sækji um lán úr sjóðnum, ábyrgist þau og annist greiðslu  
afborgana af þeim, þegar þar að kemur.

Það verður að telja, að sá stakkur, sem Bjargráðasjóði er skorinn með lögnum  
frá 1913 og 1925, sé nú orðinn svo þröngur, að sjóðurinn raunverulega fái ekki  
notið sín, nema reglum hans verði breytt í verulegum atriðum og starfshættir hans  
færðir meira til samræmis við þær venjur, sem nú má telja ríkjandi orðnar um lán-  
veitingar, styrktarstarfsemi og önnur slík viðskipti.

Af framangreindum ástæðum hefur þótt rétt að leggja til, að nokkrar breyt-  
ingar yrðu gerðar á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, til að gera hann starfhæfari  
miðað við aðstæður í þjóðfélaginu á yfirstandandi tíma. Þessar breytingar er að  
finna í frumvarpi því, er hér liggur fyrir og samið er af fyrirsvarsmönnum bjarg-  
ráðasjóðsins. Réttara þótti að semja lögina upp en að flytja breytingartillögur við  
núgildandi lög sjóðsins, sérstaklega þar sem þau eru tvenn, en hagkvæmara þykir

að hafa lög ein og fella hin eldri lög hvor tveggja úr gildi. Núgildandi lög um bjargráðasjóð og lánveitingar úr honum eru til hægðarauka prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl með frumvarpinu. Skal nú vikið að breytingum þeim, sem gerðar hafa verið, og raktar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin er svo að kalla samhljóða 1. gr. núgildandi laga um bjargráðasjóð, enda þykir ekki rétt að breyta aðalhlutverki sjálfs sjóðsins, og þarfnast hún ekki sérstakra skýringa.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar eru samhljóða 2. og 3. gr. núgildandi laga, að öðru leyti en því, að iðgjald í bjargráðasjóð er hækkað úr 25 aurum í eina krónu á mann, frá báðum þeim aðilum, er þar greinir.

Um 4. gr.

Nú skipa stjórn bjargráðasjóðs fimm menn, og eru þrír þeirra sjálfkjörnir, en tveir kosnir til 6 ára í senn, annar af Búnaðarfélagi Íslands, en hinn af Fiskifélagi Íslands. Hér er lagt til, að þeir þrír, sem sjálfkjörnir eru, sitji áfram í stjórn sjóðsins, og sé stjórnendum fækkað um tvo. Þá er og í þessari grein ákveðið, að geyma megi og ávaxta fé sjóðsins bæði í Landsbankanum og Búnaðarbankanum, en eins og kunnugt er, var bjargráðasjóður lagður til Búnaðarbankans við stofnun þess banka og hefur verið þar síðan.

Um 5. gr.

Greinin svarar til 5. gr. núgildandi laga og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Reglugerð sú, sem í lögum var gert ráð fyrir, að samin yrði, eftir tillögu Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins, hefur aldrei verið sett.

Um 6. gr.

Hér er lagt til, að fyrirkomulag það, sem verið hefur á endurskoðun sjóðsins, falli niður, en reikningar bjargráðasjóðs verði endurskoðaðir samkv. lögum nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun.

Um 7. gr.

Grein þessi er óbreytt frá því, sem er í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að bæjarfógetum og sýslumönnum er gert að skila bjargráðagjaldi eigi síðar en 1. október ár hvert. Þykir réttara að hafa ákveðinn gjalddaga til sjóðsins, svo að unnt sé að gera reikninga hans upp í loks hvers reikningsárs.

Um 8. gr.

Greinin er samhljóða 8. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Greinin svarar til 9. gr. núgildandi laga með þeim breytingum, að samkv. frumvarpinu skal allt tillag ríkissjóðs og helmingurinn af tillagi sveitarfélaganna renna í sameignarsjóðinn, en aðeins helmingur af tillagi sveitarfélaganna skal renna í séreignarsjóð sýslu og kaupstaða. Þykir réttara að hafa slíka skipun, vegna þess að með þeim hætti verður hægt að ráðstafa meira fé samkv. 12. gr. en annars mundi.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 11. og 12. gr.

Í 11. gr. núgildandi laga er gert ráð fyrir því, að sýslunefndir og bæjarstjórnir geri sérstaka samþykkt um hagnýtingu séreignarinnar í bjargráðasjóði. Þessar

bjargráðasamþykktir hafa aldrei verið gerðar, að því er séð verði, og virðist þetta ákvæði því ekki hafa náð tilgangi sínum. Þykir því rétt að fella þessi ákvæði niður og gera ekki framvegis ráð fyrir slíkum bjargráðasamþykktum, en setja í þess stað í lögín sjálf ákvæði bæði um það, hvaða tjón geti komið til greina að bæta og með hverjum hætti það skuli gert. Eru þær reglur teknar upp í 11. og 12. gr. og þarfnast ekki sérstakra skýringa. Í þessum greinum er einnig að finna þau ákvæði úr lög-unum frá 1925 um heimild til að veita lán úr bjargráðasjóði, sem rétt hefur þótt að láta haldast.

Um 13. gr.

Greinin svarar til fyrri hluta 12. gr. í núgildandi lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af því, að bjargráðasamþykktir eru felldar niður. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 14. gr.

Greinin svarar til niðurlags 13. gr. núgildandi laga og felur í sér ábyrgðarheimild ríkissjóðs til handa bjargráðasjóði, ef á hann verða lagðar svo miklar byrðar, að sjóðurinn komist í fjárþröng.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

#### Fylgiskjal 1.

#### Lög um bjargráðasjóð Íslands.

1. gr.

Stofna skal allsherjarsjóð fyrir alla landsmenn til hjálpar í hallæri eða til að afstýra því. En það er hallæri, ef sveitarfélög, eitt eða fleiri í sýslu, eða bæjarfélög verða af náttúruvöldum svo illa stödd, að sýslufélagið eða bæjarfélagið megnar ekki af eigin rangleik að forða mönnum og skepnum við harðrétti eða felli. Sjóðurinn skal heita bjargráðasjóður.

2. gr.

Hvert sveitarfélag og bæjarfélag á landi hér skal á ári hverju greiða iðgjald í bjargráðasjóð, 25 auru fyrir hvern mann, sem þar er heimilisfastur, þegar manntal er tekið. Bjargráðagjald greiðist úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði.

3. gr.

Bjargráðasjóðinn skal styrkja á hverju ári með tillagi úr landssjóði, er nemi 25 aurum fyrir hvern mann.

4. gr.

Þessir menn skulu vera í bjargráðastjórn og hafa á hendi reikningshald bjargráðasjóðsins og geyma eignarskilríki hans: Forstjóri atvinnumálaskrifstofu stjórnarráðsins, formaður Búnaðarfélag Íslands og annar maður, sem það félag kys á búnaðarþingi til 6 ára í senn, formaður Fiskifélags Íslands og annar maður, sem það félag kys á fiskiþingi til 6 ára í senn.

Öllum tekjum bjargráðasjóðsins skal koma á vöxtu í Landsbankanum með þeim skilyrðum, sem landsstjórnin setur því til tryggingar, að féð glatist ekki og taka megi til þess, hvenær sem þörf gerist.

5. gr.

Bjargráðastjórnin skal hafa vakandi auga á öllum hallærishættum og veita landsstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því, að afstýra hallæri.

Stjórnarráðið semur reglugerð fyrir bjargráðastjórnina eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands og Fiskifélags Íslands.

6. gr.

Stjórnarráðið, Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag skulu hvert um sig velja einn sjóðgæzlumann til 3 ára í senn. Þeir skulu rannsaka ársreikninga bjargráðasjóðsins, reikningsbækur hans og eignaskilríki.

Stjórnarráðið setur reglur fyrir sjóðgæzlumennina.

Reikninga bjargráðasjóðsins skal jafnan leggja fyrir Alþingi, endurskoðaða af yfirskoðunarmönnum landsreikninganna.

7. gr.

Hver bæjarstjórn og hreppsnefnd skal lúka bjargráðagjaldi á manntalsþingum. Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn innheimta gjaldið, og koma því til gjaldkera bjargráðastjórnarinnar.

8. gr.

Prestum og þeim öðrum, sem manntal hafa á hendi, er skylt að láta sveitarstjórnnum í té manntalsskýrslur til afnota við útreikning bjargráðagjalda.

9. gr.

Allt það fé, sem rennur úr landssjóði í bjargráðasjóðinn, samkvæmt 3. gr., að vöxtum meðtöldum, skal vera sameign allra landsmanna.

Hins vegar skal það allt vera séreign hverrar sýslu eða kaupstaðar, sem þaðan rennur í sjóðinn, að vöxtum meðtöldum.

Skrifstofukostnað bjargráðastjórnar skal gjalda af sameigninni.

10. gr.

Stjórnarráðið getur veitt sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimild til að hækka bjargráðagjaldið um tiltekið árabíl, þó ekki meira en um helming hins upphaflega gjalds.

Nú á sýsla eða kaupstaður sérstakan sjóð, sem eingöngu er ætlaður til hjálpar í hallæri, og getur þá stjórnarráðið veitt leyfi til að lækka bjargráðagjaldið, ef bjargráðastjórnin mælir með því.

11. gr.

Í hverri sýslu skal sýslunefnd, en í kaupstað bæjarstjórn, gera samþykkt um hagnýtingu þeirrar séreignar, sem sýslan eða kaupstaðurinn á í bjargráðasjóðnum. Skal sú samþykkt heita bjargráðasamþykkt.

Þessum bjargráðasamþykktum skal haga eftir fyrirmyndum, sem bjargráðastjórnin semur, og þarf samþykki stjórnarráðsins til þess, að þær öðlist gildi, en leita skal áður álits bjargráðastjórnar um hvert frumvarp.

Í þessum bjargráðasamþykktum má skipa fyrir um allt það, sem stjórnarráðið, eftir tillögum bjargráðastjórnarinnar, telur nauðsynlegt því til tryggingar, að bjargráðasjóðurinn komi að réttum notum og verði ekki illa varið.

12. gr.

Ef hallæri ber að höndum, á hvert hérað tilkall til séreignar sinnar í bjargráðasjóðnum til útbýtingar, samkvæmt bjargráðasamþykkt sinni.

Ef haustbirgðir reynast svo litlar í einhverju héraði, að hætt er við bjargarskortni fyrir menn og skepnur, ef illa vetrar, þá má héraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta séreignar sinnar til að kaupa eða tryggja sér varaforða, en það fé, sem þannig er notað, skal greiða aftur að fullu, en vaxtalaust, í bjargráðasjóðinn á ársfresti, nema það komi til útbýtingar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar.

Nú hrekkur ekki séreign einhvers héraðs til forðatryggingar eða hjálpar í hallæri, og má þá stjórnarráðið með ráði bjargráðastjórnarinnar veita því héraði vaxtalaust bráðabirgðalán af sameignarfé sjóðsins gegn veði í bjargráðagjaldi héraðsins.

Ef mikil óáran gengur um land allt og bjargráðasjóðurinn kemst í fjárþröng, þá má landsstjórnin, ef bjargráðastjórnin fer þess á leit, lána bjargráðasjóðnum fé úr landssjóði, eða útvega honum lán annars staðar, gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins.

## Fylgiskjal 2.

### Lög um heimild til að veita lán úr Bjargráðasjóði.

#### 1. gr.

Að fengnum tillögum stjórnar Bjargráðasjóðs Íslands, er atvinnumálaráðherra heimilt að lána af fé sjóðsins:

- a) hreppsfélögum eða bæjarfélögum, sem eru nauðulega stödd vegna afleiðinga heimsstyrjaldarinnar miklu eða af öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum.
- b) fóðurbirgðafélögum eða öðrum félögum eða stofnunum, er hafa það eitt að markmiði að koma í veg fyrir hallæri.
- c) hreppsfélögum, er koma á fót hjá sér bústofnlánadeildum.
- d. sýslufélögum, til að fyrirbyggja kornvöruskort vegna samgöngutálma af hafisvöldum.<sup>1)</sup>

#### 2. gr.

Lán þessi skulu veitt gegn 5 af hundraði í vöxtu á ári og ekki til lengri tíma en 20 ára. Lánin skulu jafnan tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sýslusjóðs eða bæjar-sjóðs. Nánari reglur um afgreiðslu lánanna, innihald skuldabréfa og innheimtu lánanna getur atvinnumálaráðherra sett.

#### 3. gr.

Hreppsfélagi eða bæjarfélagi, sem óskar láns eftir heimild a-liðs 1. gr., er skylt að gefa atvinnumálaráðherra nákvæma skýrslu um hag sinn og sýna fram á, hvers vegna efnahagur hreppsins eða bæjarins er kominn svo, að lán sé nauðsynlegt. Og meðan nokkuð er ógreitt af slíku láni, er hlutaðeigandi hreppsfélagi eða bæjarfélagi skylt að senda atvinnumálaráðuneytinu árlega, nægilega snemma, áætlun um tekjur sínar og gjöld, og má ekki, meðan svo stendur á, ráðast í neinar framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, nema þær séu beinlínis lögskipaðar, enda er hreppsnefnd eða bæjarstjórn skyld til að breyta áætluninni, ef ráðuneytið leggur svo fyrir.

#### 4. gr.

Lán þau, er ræðir um í b-lið 1. gr., skal aðeins nota til stofnunar forðabúra eða stækkunar þeirra, enda séu samþykktir þeirra settar og staðfestar eftir því, sem lög mæla fyrir. Fjárhæð slíkra lána má ekki nema meiru en helmingi stofn-kostnaðar eða aukningar.

#### 5. gr.

Lán eftir c-lið 1. gr. má ekki veita nema hlutaðeigandi hreppsfélag hafi sett reglur um bústofnlánadeildina, sem atvinnumálaráðherra hefur staðfest, og skal vera heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að tekjur bústofnlánadeildarinnar megi taka lögtaki. Atvinnumálaráðuneytið lætur hreppsnefndum í té fyrirmynd að slíkum reglum, og hefur heimild til að setja frekari reglur um lán þessi, ef þurfa þykir.

---

1) L. nr. 22 19. júní 1933, § 1.



6. gr.

Að jafnaði má ekki veita hærri lán úr Bjargráðasjóði í neina sýslu eða kaupstað en sem svarar hluta þeirra í séreigninni og hinum sameiginlega sjóði.

Fylgiskjal 3.

Úr reikningum bjargráðasjóðs.

1. Séreignir sýslna og kaupstaða í Bjargráðasjóði 1. janúar 1949.

1. Reykjavík .....	kr.	289 864.76
2. Borgarfjarðarsýsla .....	—	24 997.41
3. Akraneskaupstaður .....	—	12 356.04
4. Mýrasýsla .....	—	25 598.12
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla ....	—	53 935.00
6. Dalasýsla .....	—	26 272.98
7. Austur-Barðastrandarsýsla .....	—	13 620.84
8. Vestur-Barðastrandarsýsla .....	—	30 389.71
9. Vestur-Ísafjarðarsýsla .....	—	33 601.65
10. Norður-Ísafjarðarsýsla .....	—	45 887.80
11. Ísafjarðarkaupstaður .....	—	29 321.04
12. Strandasýsla .....	—	24 415.65
13. Vestur-Húnavatnssýsla .....	—	23 037.01
14. Austur-Húnavatnssýsla .....	—	33 322.38
15. Skagafjarðarsýsla .....	—	58 089.18
16. Eyjafjarðarsýsla .....	—	38 981.40
17. Siglufjarðarkaupstaður .....	—	13 016.63
18. Ólafsfjarðarkaupstaður .....	—	5 927.39
19. Akureyrarkaupstaður .....	—	29 643.28
20. Suður-Þingeyjarsýsla .....	—	53 857.52
21. Norður-Þingeyjarsýsla .....	—	24 109.74
22. Norður-Múlasýsla .....	—	29 437.77
23. Suður-Múlasýsla .....	—	52 398.61
24. Seyðisfjarðarkaupstaður .....	—	13 212.89
25. Neskaupstaður .....	—	12 768.69
26. Austur-Skaftafellssýsla .....	—	15 591.03
27. Vestur-Skaftafellssýsla .....	—	23 937.06
28. Vestmannaeyjakaupstaður .....	—	34 501.88
29. Rangárvallasýsla .....	—	49 197.22
30. Árnessýsla .....	—	73 292.22
31. Gullbringusýsla .....	—	45 211.19
32. Hafnarfjarðarkaupstaður .....	—	35 890.14
33. Kjósarsýsla .....	—	19 175.96

Samtals kr. 1 294 860.19

2. Efnahagsreikningur Bjargráðasjóðs Íslands pr. 31. des. 1948.

A. Hinn sameiginlegi bjargráðasjóður:

1. Í bankainnstæðum .....	kr.	469 618.19
2. — verðbréfum .....	—	248 000.00
3. — útlánnum .....	—	42 850.00

kr. 760 468.19

B. Séreignasjóður (samkv. skrá) .....

— 1 294 860.19

Samtals kr. 2 054 328.38

Skuldir engar.